



## Verkfræðingafélag Íslands

**Innviðaráðuneytið**  
**Sölvhóls götu 7**  
**101 Reykjavík**

**Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð.**  
**Mál nr. 112/2022, birt í Samráðsgátt 04.07.2022.**

Í Vegvísinum eru sett fram markmið um vistvænni mannvirkjagerð fyrir árið 2030. Annars vegar eru sett markmið um að draga úr losun byggingargeirans, hins vegar markmið um að minnka förgun og sóun á byggingar- og niðurrifsúrgangi.

Í framhaldinu er fjallað um hvernig hægt verði að ná þeim markmiðum samkvæmt aðgerðaáætlun fyrir vistvænni mannvirkjagerð.

Aðgerðaáætluninni er skipt upp í sex kafla:

1. Byggingarefni.
2. Framkvæmdasvæði.
3. Notkunartími mannvirkja.
4. Lok líftíma/hringrásarhagkerfið.
5. Skipulag og hönnun.
6. Hvatar til umskipta.

Skjalinu sem fylgir (III. hluti) ber að fagna enda um metnaðarfull áform að ræða.

VFÍ vill sérstaklega beina sjónum að bls. 7 í skjalinu þar sem lagðar eru til 74 aðgerðir sem stuðla að vistvænni mannvirkjagerð. Þar kemur fram að tveimur aðgerðum er lokið og 21 aðgerð er í undirbúningi eða framkvæmd (maí 2022).

Til þess að markmið Vegvísisins náist er nauðsynlegt að leiða fram þekkingu færasta fagfólks þegar að undirbúningi mannvirkjagerðar kemur. Á það hefur mikið skort hér á landi undanfarna áratugi. Sérstaklega á það við um húsbyggingar sem ætlaðar eru til sölu á almennum markaði.

Mikil sóun á sér stað við húsbyggingar sem stafar af lélegum undirbúningi og hönnun en ekki síður af slælegum vinnubrögðum á byggingarstað.

*Reykjavík, 31. ágúst 2022.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*